

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



|                     |                             |                         |                          |
|---------------------|-----------------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits      | 29.9.2025                   | Ábyrgðarmaður eftirlits | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Fyrirtæki           | Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði | Eftirlitsmaður          | Auður Eyberg Helgadóttir |
| Heimili             | Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði | Tegund eftirlits        | Reglubundið              |
| Kennitala           | 581201-2650                 | Flokkur                 | Fiskimjölsverksmiðja     |
| Fulltrúi fyrirtækis | Magnús Ásgrímsson           | ÍSAT nr.                | 15.20.72                 |
| Fulltrúi fyrirtækis |                             | Staðsetning             | 735718,92 501484,078     |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu: Löndunarbúnaður var ekki þéttur og lak lýsi í sjóinn.

Eitt eldra frávik var opið: Í eftirliti árið 2023 voru efni í efnageymslu án viðeigandi lekavarna. Hluti efna í efnageymslu voru enn án viðeigandi lekavarna. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun frá 27. mars 2025.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði. Fiskimjölsverksmiðja Loðnuvinnslunnar er með starfsleyfi sem gildir til 17. september 2030. Það heimilar að framleitt sé úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring. Þegar eftirlitið fór fram var engin vinnsla í gangi en löndun á síld stóð yfir.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir
- Skoðunarferð
- Fylgiskjöl

1. Þrjú frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og hafði tveimur af þeim verið lokað áður en eftirlitið árið 2025 átti sér stað. Frávikid sem var opið frá 2024 var vegna rúmtaks lekavarnaþróar sem lýsisgeymar eru í er ekki í samræmi við kröfur í reglugerð. Rekstraraðili var búinn að hækka vegginn í lekaþrónni og er því fráviki lokað. Rekstraraðili brást við ábendingum í fyrra eftirliti og voru þær fullnægjandi.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum var skilað inn fyrir 1. maí 2025. Allir lýsisgeymar voru þykktamældir árið 2021 og þarf því ekki að mæla þá fyrr en árið 2031.

4. Niðurstöður mælinga á TVN hafa borist eftirlitsaðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi en rekstraraðili er hvattur til að senda eftirlitsaðila upplýsingar um vinnsluhlé. Farið var yfir TVN mælingar frá janúar 2024 til ágúst 2025, ekki voru gerðar athugasemdir við mælingar. Frárennslismæling var framkvæmd árið 2024 og 2025 og voru gildi innan marka starfsleyfis.

5. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru til staðar. Áætlun um meðhöndlun úrgangs og áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun var til staðar. Rekstraraðili er með mælanleg umhverfismarkmið.

6. Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Lýsisgeymar voru skoðaðir sem og pró umhverfis þá. Búið var að hækka vegg í lekaþrónni til að standast kröfur starfsleyfis. Edissýra sem var geymd utandyra var staðsett inn í

gám og úr akstursleið. Framkvæmdum við efnageymslu var ekki lokið og er því frávikið því opið. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun.

7. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|------------|------------------|
|------------|------------------|

Gr. 2.1 í starfsleyfi.

Löndunarbúnaður skal vera þéttur. Lýsislögn sprakk í sundur í útskipun og eitthvað magn af lýsi fór í sjóinn, sem er frávik. Rekstraraðili brást strax við og viðbragðsáætlun fór í gang, lýsið var hreinsa og frávikinu því lokað.

## ANNAÐ

Tvö óhöpp voru skráð eftir eftirlitið. 28. mars 2024 sprakk í sundur lýsislögn í útskipun og eitthvað magn af lýsi fór í sjóinn, sem er frávik. Rekstraraðili brást strax við og viðbragðsáætlun fór í gang, lýsið var hreinsað og fráviki því lokað. 17. ágúst 2025 rofnaði tenging þegar verið var að dæla lýsi á milli tanka. Farið var í að hreinsa upp lýsið.

Reykjavík, 20.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir